

Fimmtudaginn 5. febrúar 1942.

Nr. 1/1942. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara**  
gegn  
**Rafvirkjafélagi Reykjavíkur.**

Deilt um réttmæti uppsagnar á kjarasamningi, lengd samningstímabils og lögmæti verkfalls.

#### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 6. f. m. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík gegn Rafvirkjafélagi Reykjavíkur. Tildrög málsins eru þau, að hinn 22. janúar 1941 var fyrir milligöngu ríkissáttasemjara undirritaður kjarasamningur milli Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík annars vegar og Rafvirkjafélags Reykjavíkur hins vegar. Í 4. gr. 3. kafla samnings þessa segir svo:

„Samningur þessi er gerður til eins árs í senn en er uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Sé samningnum ekki sagt upp með tilskildum fyrirvara, gildir hann fyrir næsta ár. Samningur þessi gildir frá 22. janúar 1941 og er til staðfestu undirritaður af stjórnnum beggja félaganna.“

Með bréfi, dags. 28. september 1941, sagði stefndi upp samningi þessum „frá 1. janúar næstkomandi“, eins og það er orðað í uppsagnarbréfinu, og með bréfi, dags. 22. des. s. l., tilkynnir stefndi Félagi löggiltra rafvirkjameistara, að ef samningar hefðu ekki tekizt fyrir 1. janúar s. l., myndi verkfall hefjast frá áramótum. Rafvirkjameistarafélagið mótmælti í bréfi, 27. des. s. l., réttmæti uppsagnarinnar frá 1.

janúar s. l. og lögmæti væntanlegs verkfalls, og áskildi sér allan rétt, ef stefndi héldi fram verkfallshótun sinni. Stefndi skeytti ekki um mótmæli þessi, og með því að nýir samningar höfðu ekki tekizt um áramót hóf hann verkfall. Rafvirkjameistarafélagið vildi ekki fallast á réttmæti þess, og er því mál þetta höfðað svo sem að framan greinir, og gerir stefnandi þessar dómkröfur í málinu:

1. Að viðurkennt verði með dómi réttarins, aðallega, að framangreind uppsögn í bréfi, dags. 28. september 1941, á téðum samningi milli Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík og Rafvirkjafélags Reykjavíkur frá 22. janúar 1941, sé ógild með öllu, og sé samningurinn af sjálfu sér framlengdur til 22. janúar 1943 og áfram eftir það, verði honum eigi löglega sagt upp, miðað við þann tíma, en til vara, að samningurinn sé í gildi til 22. janúar 1942 incl.
2. Að viðurkennt verði með dómi, aðallega, að framangreint verkfall sé ólöglegt með öllu, en til vara, að ólöglegt sé verkfall tímabilið 1.—22. jan. 1942 inclusive.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda í skaðabætur fyrir hið ólöglega verkfall, aðallega, kr. 492,48 fyrir hvern virkan dag, er verkfallið stendur, en til vara, kr. 492,48 fyrir hvern virkan dag, er verkfallið stendur yfir á tímabilinu 1.—22. janúar 1942 inclusive, en til þrautavara skaðabætur eftir mati dómsins.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að 1. kröfulið stefnanda verði hrundið og umrædd uppsögn metin gild frá s. l. áramótum að telja, en til vara, frá 22. janúar 1942, að hrundið verði öðrum kröfulið, og umrætt verkfall metið löglegt í alla staði. 3ja lið stefnukröfu mótmælir hann sem óréttmæltum, en til vara, sem órökstuddum og of háum. Loks mótmælir hann dómkröfu stefnanda um málskostnað og krefst málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Þá hefur stefndi, við munnlegan flutning málsins, krafizt frávisunar á skaðabótakröfu stefnanda, að því er varðar tímabilið eftir 8. jan. s. l.

Undir rekstri málsins hafa aðiljar fallizt á, að málflutningi um upphæð skaðabótakröfu samkvæmt 3. kröfulið verði

frestað til síðari meðferðar samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Verða dómkröfur stefnanda þá teknar til meðferðar í þeirri röð, sem þær eru settar fram í stefnunni.

*Um 1.* Kröfur sínar undir þessum lið byggir stefnandi á því, að ljóst sé, samkvæmt orðalagi 4. gr. 3. kafla framangreinds sammings, að hann hafi átt að gilda til jafnlengdar næsta ár. eða til 22. janúar 1942, því að orðin „til eins árs í senn“ verði ekki skýrð á annan veg. Telur hann útilokað, að orðin „gildir hann fyrir næsta ár“ verði skýrð svo, sem þar sé átt við almanaksár, því að undanfarandi kjarasamningur milli málsaðilja, sem að þessu leyti hafi verið samhljóða samningi þeim, er hér um ræðir, hafi gilt frá 1. júlí ár hvert til jafnlengdar næsta ár, og það hafi aðeins verið vegna hinna sérstöku uppsagnarákvæða laga nr. 51/1940, að sagt varð upp frá áramótum 1940, en sú uppsögn leiddi til framangreinds sammings frá 22. janúar 1941. Sá samningur hafi verið gerður fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins, er sett hafi í hann gildistökuákvæðið, en það hafi aldrei komið til orða við rafvirkjameistarana, að samningurinn ætti aðeins að gilda til ársloka 1941, hvað þá að þeir hafi samþykkt það.

Af þessu leiðir, segir stefnandi, að framangreind uppsögn stefnda á samningi þessum frá 1. janúar 1942 var óheimil, og með því að slík uppsögn á samningi, sem gildi til 22. janúar 1942, sé ófullnægjandi, og honum hafi ekki verið sagt upp á réttan hátt, þá framlengist hann samkvæmt efni sínu til 22. janúar 1943, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938. Er aðalkrafa stefnanda í 1. stefnulið byggð á þessum rökum, en til vara krefst hann, eins og áður greinir, að uppsögnin verði fyrst metin gild frá 22. jan. s. l.

Stefndi reisir kröfur sínar, að því er þennan lið varðar, á því, að það hafi alltaf verið tilætlun sín, og hann skilið það svo við sammingsgerðina, að oftnefndur samningur skyldi aðeins gilda til ársloka 1941, enda þótt hann tæki ekki gildi fyrr en 22. janúar f. á., sem hann kveðst hafa fallizt á fyrir til-mæli rafvirkjameistaranna. Telur hann að orðin „gildir hann fyrir næsta ár“ eigi við almanaksárið, enda sé það og óvenju-legt, að kjarasamningur renni út á öðrum tíma en a. m. k. um mánaðamót. En hvað sem þessu liði, þá sé þó ljóst, að ef rafvirkjameistarafélagið taldi uppsögn sveinanna 28. septem-

ber f. á. óréttmæla, þá hefði því borið skylda til þess, að gera fyrirvara um það, þegar uppsögnin barst þeim í hendur. Þetta hafi þeir ekki gert fyrr en með bréfinu 27. des. f. á., en þau mótmæli verði að teljast of seint fram komin, enda hafi rafvirkjameistararnir tekið athugasemdalaust við uppkasti til nýrra samninga af hálfu sveinanna hinn 12. des. f. á. Af þessu leiði, að uppsögnin hljóti að vera gild frá 1. janúar s. l. að telja, en þó svo yrði ekki talið, þá sé samt óhugsandi annað en að hún sé fullnægjandi miðað við 22. janúar, því ljóst sé, að það var vilji stefnda, að segja samningnum upp eins fljótt og unnt var. Er varakrafa hans um þennan lið á þessum rökum reist.

Stefnandi hefur neitað því, að rafvirkjameistarafélaginu hafi borið skylda til að mótmæla uppsögninni fyrr, eða á annan hátt en þeir gerðu með nefndu bréfi 27. des. s. l.

Samkvæmt því, sem upplýst hefur verið í málinu, var gengið frá umræddum samningi fyrir milligöngu sáttasemjara. Samninganefndir frá báðum mál aðiljum höfðu að visu ræðst við áður en málið var afhent sáttasemjara, en ekkert hefur komið fram, er bendi til þess, að þá hafi verið rætt um lengd samningstímabilsins. Upplýst má telja, að hjá sáttasemjara hafi aðilar ekki ræðst við persónulega, og ósannað er, að nokkuð hafi þar verið rætt sérstaklega um lengd samningstímabilsins, þó að sveinarnir telji sig hins vegar hafa verið þeirrar skoðunar, að samningurinn skyldi aðeins gilda til ársloka 1941. Atvik við samningsgerðina verða því ekki lögð til grundvallar skýringu á efni hans. Hins vegar verður rétturinn, með tilvísun til málsúttlistunar stefnanda, að fallast á þá skoðun hans, að samkvæmt orðalagi 4. gr. 3. kafla samningsins gildi hann til 22. janúar 1942. Stefnanda var því óheimilt að segja honum upp miðað við 1. janúar 1942, og er ekki hægt að fallast á þá skoðun hans, að rafvirkjameistarafélagið hafi, með því að mótmæla ekki uppsögninni formlega fyrr en 27. des. s. l., fyrirgert rétti sínum til þess að andmæla gildi hennar frá 1. janúar, því eins og hér stóð á, voru mótmæli af hálfu meistarafélagsins gegn uppsögninni ekki nauðsynleg til varðveislu á gildi oftnefnds samnings til loka samningstímabilsins. Hins vegar þykir, með tilvísun til raka stefnds um þetta efni, mega meta uppsögn stefnda gilda miðað við 22. jan. s. l. Niðurstaðan, að því er þennan lið snertir, verður þá sú, að hrundið verður aðalkröfu stefnanda, en varakrafa hans

um það, að samningurinn gildi til 22. jan. s. l., verður tekin til greina.

Um 2. og 3. Stefnandi byggir þessa kröfuliði á því, að kjara-samningi aðilja hafi ekki verið löglega sagt upp, og sé því verkfall það, er stefndi hóf hinn 1. janúar s. l., ólöglegt og bótaskyldt. Telur hann, að aflýsing verkfallsins, sem fram fór með bréfi stefnda til stefnanda 10. f. m. (réttarskjal nr. 15), hafi aðeins verið til málamynda, þar sem sveinarnir hafi allt að einu ekki komið til vinnu sinnar aftur, þótt vinnustaðirnir hafi staðið þeim opnir. Bendir hann í því sambandi á bréf rafvirkjameistaranna til stefnda, dags. 16. f. m. (réttarskjal nr. 18), þar sem þeir mótmæla því, að verkfallið hafi verið fellt niður, með því að enginn félagsmanna hafi komið til vinnu, þótt þeir viti, að vinnustöðvarnar standi þeim opnar og rafvirkjameistararnir reiðubúnir til að taka þegar til vinnu alla þá féлага, er verkfall gerðu. Það sé því ótvírætt, að um áframhaldandi verkfall sé að ræða, enda staðfesti þá skoðun grein í Alþýðublaðinu 10. f. m., þar sem skýrt er frá sameiginlegum fundi, er haldinn var daginn áður í félögum þeim, er verkfall hófu um síðastliðin áramót. En þar segir frá því, að m. a. hafi þar verið samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Félögin álykta hér með, að enda þótt verkfallinu verði eigi haldið áfram, með tilliti til deilunnar um hækkun grunnkaups, þá hafi einstakir meðlimir félaganna hvorki rétt né skyldu samkvæmt lögum, til þess að taka aftur til vinnu fyrr en samningar eru undirskrifaðir og kröfum félaganna fullnægt.“

Telur stefnandi, að skýrsla, er formaður hins stefnda félags gaf í réttarhaldi hér fyrir dómi 20. f. m., staðfesti um-mælin í Alþýðublaðinu að því er sérstaklega snertir stefnda, þar sem hann viðurkennir, að stjórn rafvirkjafélagsins hafi átt hlut að máli við tilbúning tillagna þeirra, sem samþykktar voru á sameiginlega fundinum í Goodtemplarahúsinu 9. janúar s. l. Þá bendir hann og á það, að formaður rafvirkjafélagsins, ásamt varamanni í stjórn þess, hafi, með hótunum 19. f. m., ætlað að fá rafvirkjanema, er voru við vinnu að raf-lögnum í nýbyggingu hér í bænum hjá Gizuri Pálssyni rafvirkjameistara, til að hætta vinnu. Staðhæfir hann, með til-liti til þess, sem fram sé komið í málinu, að verkfallið standi áfram, þrátt fyrir yfirlýsingu stefnda í áður umgetnu bréfi frá 10. f. m., og telur hann, að stefndi sé bótaskyldur gagn-

vart stefnanda á meðan vinnustöðvunin varir, þar sem stjórn félagsins hafi ekkert gert til þess að hefta framhald vinnustöðvunarinnar, heldur þvert á móti stuðlað að framhaldi hennar með framkomu sinni og framkvæmdum í málinu.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að vinnustöðvun sú, er hófst 1. f. m., sé með öllu lögleg, þar eð samningstímabilið hafi verið útrunnið, þegar verkfallið hófst. En þótt svo yrði litið á, að samningi aðilja hefði ekki verið slitið 1. f. m., þá væri verkfallið allt að einu löglegt. Og eftir að fundur hafi verið haldinn í rafvirkjafélaginu 9. f. m. eftir sameiginlegan fund félaga þeirra, er verkfall höfðu hafið um áramótin, og þar samþykkt að aflétta verkfallinu, og tilkynning um þetta verið send stefnanda, telur hann að ekki hafi verið um neitt verkfall að ræða. Með þeirri yfirlýsingu hafi verkfallinu verið aflétt. Þá hafi og stjórn félagsins lýst því yfir um leið og samþykkt var að aflýsa verkfallinu, að hún léti það afskiptalaust, hvort félagsmenn færu til vinnu sinnar eða ekki. Þá telur hann, að viðtal forráðamanna félagsins við nemana hafi aðeins hniðið í þá átt, að benda þeim á, að með því að vinna einir og án fullnægjandi tilsagnar, fremdu þeir lögbrot.

Frávísunarkröfu sína á skaðabótaskyldu sinni eftir 8. f. m. byggir stefndi á því, að þann dag hafi gengið í gildi bráðabirgðalög, sem leiði til þess, að slík skaðabótakrafa, sem hér um ræðir, heyri ekki undir úrlausn félagsdóms.

Þar sem telja verður, eins og segir undir 1 hér að framan, að samningstímabil aðilja, samkvæmt orðalagi umrædds kjarasamnings þeirra, hafi ekki runnið út fyrr en 22. f. m., þá verður einnig að telja, að verkfall það, er stefndi hóf um s. l. áramót, hafi verið ólöglegt.

Með bráðabirgðalögum nr. 1 frá 8. jan. 1942 er svo ákveðið í 4. gr., að verkföll, sem hafin voru um s. l. áramót í því skyni, að fá breytingar á kaupum og kjörum, séu óheimil frá gildistöku þeirra laga, og í 11. gr. sömu laga segir, að með mál út af slíkum brotum skuli farið sem almenn lögreglumál. Þetta ákvæði bráðabirgðalaganna verður ekki talið því til hindrunar, að félagsdómur eigi úrlausn um skaðabótakröfu út af broti á kjarasamningi þeim, er um ræðir í máli þessu. Verður því frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina, að því er snertir skaðabótakröfu, er stefnandi kann að eiga á hendur stefnda til þess tíma, að samningnum samkvæmt efni sínu gat löglega orðið sagt upp.

Með tilliti til vinnustöðvunar stefnda um s. l. áramót, sem er, eins og áður greinir, ólögleg, verður að telja, að hann sé bótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir það tjón, er hið ólöglega verkfall hefur bakað honum frá 1.—22. janúar s. l. Það verður ekki litið svo á, að stefndi hafi með bréfi sínu til stefnanda, dags. 10. f. m., þar sem hann aflýsir verkfallinu, firrt sig áframhaldandi skaðabótaskyldu, þar sem upplýst er, að enginn sveinanna hefur mætt til vinnu, og forráðamenn stefnda hafa beinlínis stuðlað að framhaldi vinnustöðvunarinnar með þáttöku sinni í samningu og samþykkt ályktunar þeirrar frá 9. f. m., er tilfærð er hér að framan. Enn fremur hafa þeir eftir aflýsingu verkfallsins með öllu látið hjá líða, að hvetja meðlimi félags síns til að fara til vinnu sinnar aftur, og auk þess, að því er upplýst má telja, leitast við að fá rafvirkjaneina til að hætta vinnu.

Samkvæmt framangreindu var verkfall stefnda frá s. l. áramótum ólöglega hafið, og er hann bótaskyldur fyrir tjón stefnanda af völdum þess yfir tímabilið frá 1.—22. janúar s. l. vegna framangreinds samningsbrots. Kröfu um skyldu til bóta fyrir tjón, er stefnandi hann að hafa beðið eftir 22. janúar s. l. þer að vísa frá dómi, með því að telja verður, með hliðsjón af 11. gr. bráðabirgðalaga nr. 1 frá 8. janúar 1942, sbr. 44. gr. laga nr. 80 frá 11. júní 1938, að hún heyri ekki undir úrlausn félagsdóms.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að því er þennan þátt málsins snertir, að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur kjarasamningur milli Rafvirkjameistarafélags Reykjavíkur og Rafvirkjafélags Reykjavíkur, dags. 22. janúar 1941, gildir til 22. janúar 1942.
2. Verkfall stefnda, Rafvirkjafélags Reykjavíkur, er ólöglega hafið 1. janúar 1942, og er stefndi bótaskyldur gagnvart stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Rafvirkjameistarafélags Reykjavíkur, fyrir tjón af völdum þess yfir tímabilið frá 1.—22. janúar 1942, en kröfu um bótaskyldu eftir þann tíma vísast frá dómi. Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

### Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Með framburði vitna, sem leidd hafa verið í málinu, er upplýst, að forsvarsmenn Rafvirkjafélags Reykjavíkur höfðu fullkomna ástæðu til að telja samningstímann frá 1. jan. 1941 til 31. desember sama ár. Sérstaklega virðist þessi skoðun þeirra hafa mótast og fengið fastan grundvöll við sátttilraunirnar í ársbyrjun 1941.

Það verður og að ætla að forsvarsmenn Rafvirkjameistarafélagsins hafi verið á sömu skoðun og rafvirkjasveinar um samningstímann. Röskum þrem mánuðum fyrir árslok 1941 móttækur Rafvirkjameistarafélagið uppsögn rafvirkjanna á samningnum, miðað við 1. janúar 1942, og af hálfu meistarafélagsins kemur ekki fram nein vefenging, hvað þá mótmæli, á gildi uppsagnarinnar fyrr en 27. desember f. á., eða þrem mánuðum eftir að samningnum var sagt upp. Mótmæli rafvirkjameistara gegn uppsögninni eru þá auk þess sett fram með þeim hætti, að ómögulegt virðist að skoða þau öðruvísi en sem ábendingu, en alls ekki sem synjun á réttmæti uppsagnarinnar. Af þessu aðgerðaleysi meistaranna má ótvírátt draga þá ályktun, að þeir hafi verið sammála um að samningarnir giltu til 31. desember 1941.

Þá er þess og að gæta, að samningarnir komu að nokkru leyti til framkvæmda 1. janúar 1941 óg að nokkru leyti 22. janúar s. á. Verðlagsuppbót var greidd samkvæmt samningunum frá 1. janúar 1941, og komu því verðlagsuppbótarákvæði samningsins til framkvæmda þann dag. Kaup var hins vegar að öðru leyti greitt samkvæmt samningnum frá 22. janúar 1941 og kom það til af því, að meistarar voru, þegar samningar voru undirritaðir, búnir að gera upp við viðskiptamenn sína til þess dags með gamla kaupinu, og gáfu sveinarnir því kauphækkunina eftir frá 1. janúar til 22. janúar f. á. Það er því ljóst, að samningurinn hefur byrjað að gilda frá 1. janúar 1941 (verðlagsuppbótin), þó sveinarnir gæfu eftir hluta af kaupni sínu fyrstu þrjár vikur samningstímans. Samkvæmt þessu virðist samningstíminn, sem var eitt ár, hafa verið útrunninn í árslok 1941. Tel ég því, með tilvísun til þessa, svo og áður nefndrar skoðunar sveina og meistarara um samningstímann, að uppsögn sveinanna sé lögmæt, svo og vinnustöðvun þeirra.

Priðjudaginn 24. febrúar 1942.

Nr. 1/1942. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags lög-  
giltra rafvirkjameistara í Reykjavík.**  
gegn

**Rafvirkjafélagi Reykjavíkur.**

Dæmt um upphæð skaðabótakröfu vegna ólögmeats verkfalls.

### Dómur.

Eins og frá er skýrt í dómi félagsdóms í máli þessu, uppkv. 5. þ. m., var sökinni skipt þannig, að frestað var málflytningi